

Skilningur á

HEILDARHUGSUN





Profectus ehf.

Profectus er ráðgjafarfyrirtæki sem einbeitt sér að nýsköpun í viðskiptum, skapandi lausnum, persónulegri sköpun og viðskipta- og leiðtogaþæfni með aðstoð heildarhugsunar og notkun á NBI™

Sérstaða Profectus hefur frá upphafi verið að miðla þekkingu til þeirra sem hafa löngun til að gera gott betur. Mörg fyrirtæki bjóða upp á þjónustu í „hvað á að gera“ en Profectus leggur meiri áherslu á „hvernig á að vera“. Profectus er latneska samheitið yfir vöxt, hagnað, framgang og framfarir.

Profectus sér um alla þjálfun fyrir Whole Brain Solutions Scandinavia.



Whole Brain Solutions Scandinavia

Whole Brain Solutions Scandinavia er eini leyfishafi og dreifandi NBI™ í Skandinavíu fyrir Neethling Brain Instruments (NBI™), umfangsmesta safn hugsniðsverkfæra í heimi.



Kobus Neethling

Sem stofnandi Neethling Brain Profile Instruments (NBI™) hefur Kobus Neethling hlotið lof um allan heim fyrir þátt þeirra verkfæra sem hann hefur þróað í að auka skilning á sjálfinu, sköpunargáfu og breytingum. Hann er höfundur eða meðhöfundur yfir 70 bóka og hefur haft umsjón með fjölda sjónvarpsþáttaða.

Einnig er hann stofnandi og stjórnandi South African Creativity Foundation og Kobus Neethling Group. Hann er með sex háskóla-gráður (Cape Town, Potchefstroom og Georgia í Bandaríkjunum), þ. á m. tvær meistara- og doktorsgráðu (með láði) í greiningu og þróun á skapandi hegðun.



Solutionsfinding Pty Ltd

Solutionsfinding annast tæknina á bak við NBI™ einkunna- og skráningarkerfin. Ferlin og kerfin eru í stöðugri endurskoðun til að tryggja að notendur NBI™ geti hæglega fyllt út snið á netinu.

Höfundarréttur: Dr Kobus Neethling og Solutionsfinding (Pty) Ltd.


Ekki má afrita eða birta nokkurn hluta þessa rits með neinum hætti, rafrænt eða vélrænt, með ljósritun, hljóðritun eða á örfilmi, né geyma í nokkru geymslakerfi, án skriflegs leyfis útgefanda. Enn fremur gilda sömu skilyrði um dreifingu með annars konar bókbandi eða forsiðu. Sé vísað í efni ritsins skal geta höfundar, Dr. Kobus Neethling. Solutionsfinding (Pty) Ltd er fyrirtæki sem er stofnað og skráð í Suður-Afríku og er hluti af Kobus Neethling fyrirtækjasamstæðunni. Það annast sölu, dreifingu og umsýslu á vörum og verkfærum Kobus Neethling Group, auk þess að stofna umboðsskrifstofur, alþjóðlegar og í hverju landi fyrir sig, til að annast dreifingu og umsýslu þriðju aðila á vörum og verkfærum Kobus Neethling. NBI™ og NBPP eru skráð vörumerki Kobus Neethling Group og Solutionsfinding (Pty) Ltd.



Efnisyfirlit

Heildarhugsun - í fortíð og framtíð	5
Mikilvægar upplýsingar um NBI™	5
NBI™ hugsniðið sýnir:	6
NBI™ Verkfærakort	6
NBI™ - Yfirlit yfir fjórðungana fjóra	7
NBI™ - Yfirlit yfir víddirnar átta	8
Átta víddir heilans	9
Heildarhugsun í verki í SAMSKIPTUM	10
Heildarhugsun í verki í VIÐSKIPTUM	11
Heildarhugsun í verki í VIÐSKIPTUM	12
Heildarhugsun í verki í STJÓRNUN	13
Heildarhugsun í verki í STARFS- OG KUNNÁTTUVERKFÆRINU	14
Heildarhugsun í verki í KENNSLU OG NÁMI	15
Nám og víddirnar átta	16
Heildarhugsun í verki í SKÖPUN	17
Heildarhugsun í verki í UPPELDI	19
Uppeldi og víddirnar átta	20
Heildarhugsun í verki í SAMBÖNDUM	21
SAMBÖND og víddirnar átta	22
Heildarhugsun í verki í ÍPRÓTTUM	23
Heildarhugsun í verki í HEILBRIGÐU LÍFERNI	24
Vísbendingarnar fundnar	25
Uppskrift að persónulegum þroska fyrir fjórðungana fjóra	28
Skilningur á NBITM – lykilatriðin	31
Um höfundinn	31
Alþjóðlegar tilvísanir og ummæli	32

Vilt þú gerast NBI-Certified Practitioner?



Á leiðbeinendanámskeiði í heildarhugsun er áhersla lögð á að þátttakendur skilji og geti notað NBI®. Þjálfunin er að miklu leyti verkleg og að námskeiðinu loknu munu þátttakendur geta notfært sér hin ýmsu verkfæri, ásamt því að leiðbeina bæði börnum og fullorðnum.

Á námskeiðinu er kafað ítarlega ofan í ólíka fjórðunga heilans og kennd er sú tækni sem þarf til að huggreina aðra og veita ráðgjöf.

Fyrir hverja er námskeiðið?

Sem leiðbeinandi geturðu beitt hugsniðunum á einstaklinga, teymi, skólabekki eða hópa þegar þú vilt og með þeim hætti sem þú vilt. Þú öðlast einnig hæfni til að stýra upplýsingafundinum sjálf(ur) – með okkar aðstoð ef þörf krefur.

Ef þú ert sjálfstæður ráðgjafi, markþjálfari eða þjálfari er hugsniðið frábær viðbót við vöruúrval þitt. Sú sjálfsvitund sem hópurinn öðlast með því að mæla hugsniðið er góð upphitun fyrir hvers kyns þjálfun eða inngrip. Hún gefur þér líka færi á að sérsníða tímann í samræmi við hugsnið viðstaddra. Hún er gott tækifæri til að drýgja tekjurnar.

Fyrir þjálfara er hugsniðið góð leið til að hefja samræður. Þeir sem þekkja náttúrulegar hughneigðir sínar hafa betri skilning á því hvers vegna þeir lenda í vanda og hverju þeir laðast að. Sem þjálfari nærðu betur til þeirra með því að tala það mál sem þeir skija.

Fyrir stjórnendur liggja verðmætin í því að geta betur lagað sinn eigin stjórnunarstíl að starfsmönnum. Einnig geta þeir greint hugsnið starfsmanna og verk- og valddreift með skilvirkari hætti út frá hugsniðum hvers og eins.

Ávinningurinn

Þú kaupir snið frá Heildarhugsun á nafnverði. Þú færð þína eigin netsíðu þar sem þú getur haft umsjón með skjólstæðingum þínum, unnið með snið þeirra, búið til hópsnið, teiknað upp tengd störf og mælt hæfni- og neikvæðnisnið.

Leiðbeinendur láta skjólstæðingum sínum í té notandanafn og lykilorð til að þeir geti skráð sig inn á NBI-síðuna og klárað NBI-greiningu á netinu.

Innifalið:

- verkefnabók og æfingæfni
- þín eigin netsíða þar sem þú getur haft umsjón með hugsniðum
- fyrstu tíu hugsniðin sniðin þín að verðmæti 65.000,-
- NBI-skirteini
- léttar veitingar
- aðstoð og uppfærslur í framtíðinni

Verð: 189.000,-

Hvað segja viðskiptavinir okkar?

Allir sölumenn auglýsingadeildar RÚV tóku NBI greiningu hjá Profectus. Gagnlegt og skemmtilegt tól í tösku allra sölumanna!

- Einar Logi Vignisson - auglýsingastjóri RÚV

Allir okkar starfsmenn tóku NBI greiningu. Ótrúlega flott námskeið sem hefur slípað til öll okkar samskipti.

- Matthías Rögnvaldsson - frkvstj. Stefnu Akureyri.





Heildarhugsun - í fortíð og framtíð

Hippókrates, sem rannsakaði heila þegar hann krufði lík, komst að þeirri niðurstöðu að „heili mannsins sé tvöfaldur“. Það var árið 400 fyrir Krist sem hann komst að því að skaði í vinstra heilahveli tengdist málleysi.

Árið 1864 komst franskur skurðlæknirinn Paul Broca að sömu niðurstöðu þegar hann tók eftir því að sjúklingar sem þjáðust af málstoli höfðu orðið fyrir skaða á vinstra heilahveli.

Á 7. áratugnum gerðu heilaskurðlæknarnir Philip Vogel og Joseph Bogen tímamótaaðgerð þegar þeir aðskildu heilahvel þriggja sjúklinga með flogaveiki. Roger Sperry (sem fékk Nóbelsverðlaun fyrir störf sín árið 1981) rannsakaði sjúklingana og komst að því að heilahvelin tvö stýra afar mismunandi sviðum hugsana og aðgerða. Þeir komust að því að vinstra heilahvelið (sem stýrir hægri helmingi líkamans) stýrir málnotkun og rökhugsun, á meðan sérsvið hægra heilahvelsins (sem stýrir vinstri helmingi líkamans) er sjón- og heilðræn hugsun og óskipulögð verk. Í kjölfar þessarar tímamótauppgötvunar fylgdu rannsóknir á sviðum heilans, sem Ned Herrmann, Jaquelyn Wonder, Priscilla Donovan, Beverly Moore og fleiri inntu af hendi.

NBI™ var þróað á grundvelli þeirra umfangsmiklu alþjóðlegu rannsókna sem hafa verið gerðar á virkni vinstra og hægra heilahvels síðan 1980. Útkoman er fjórskipta NBI™ sniðið. Kobus Neethling, undir handleiðslu Pauls Torrance, prófessors við Georgia-háskóla, byrjaði á að þróa NBI™ fyrir fullorðna og beitti svo svipaðri hugmyndafræði til að þróa fjölda annarra heildarhugsunarverkfæra. Nú síðast voru „víddirnar átta“ kynntar til sögunnar, en þær veita enn meiri innsýn í hughneigðir og atferli á heimilinu og í vinnu.

Rannsóknir á NBI™ hafa gefið umtalsverðan árangur og þær rannsóknir sem fram fara við fjölda háskóla og stofnana eru nauðsynleg undirstaða heildarhugsunarvísinda.

Rannsóknargögn má sjá á heimasíðu heildarhugsun.is

Mikilvægar upplýsingar um NBI™


Þegar unnið er með NBI™ sniðin er mikilvægt að hafa eftirfarandi í huga:

- Ekkert hugsnið er gott eða slæmt, rétt eða rangt.
 - Sum NBI™ sniðin mæla hneigðir, önnur kunnáttu. Það er mikilvægt að hafa þennan mun í huga.
 - Þú hefur ef til vill kunnáttu í fjórðungi þar sem hneigðareinkunnin er lág eða mikla hneigð á svæði þar sem þú hefur ekki fengið færi á að þróa kunnáttu.
 - Há einkunn í tilteknum fjórðungi þýðir ekki endilega að það sé sama hneigð til allra ferla í þeim fjórðungi.
 - Hugsniðið þitt kann að breytast, en bara ef til þess eru gildar ástæður. Þetta getur gerst yfir langan tíma vegna breytinga á áhugamálum, tímstundum, umhverfi og áhrifavöldum. Einstaka sinnum verða breytingar á skömmum tíma vegna meiriháttar viðburða eða lífstílsbreytinga. Þessar breytingar gætu verið tímabundnar.
 - Það er hægt að þróa með sér hneigðir og kunnáttu í öllum fjórðungum.
 - Það eru tvær aðalvíddir í hverjum fjórðungi.
 - NBI™ svítan inniheldur nú 16 ólík verkfæri og fleiri eru væntanleg.
- Alla línuna má sjá á næstu síðu.



NBI™ hugsniðið sýnir:

- hvernig þú tjáir þig
- hvernig þú kemur fram við aðra
- hvernig þú stundar viðskipti
- hvernig þú lærir
- hvernig þú kennir
- hversu ánægð(ur) þú værir í tilteknu starfi
- hvernig þú leysir vandamál
- hvernig þú tekur ákvarðanir o.s.frv.



NBI™ Verkfærakort

Neethling Hugsniðsverkfæri - Umfangsmesta safn hugsniðsverkfæra í heimi. Eftirfarandi verkfæri hafa verið þróuð og stöðugt er unnið að þróunum þeirra.

Lykilverkfæri

- Fullorðinsverkfæri (e. Adult) (átta víddir)

Viðskiptaverkfæri

- Leiðtogaverkfæri (átta víddir)
- Kunnáttuverkfæri
- Starfsverkfæri (átta víddir)
- Sköpunarverkfæri
- Námsverkfæri

Menntunarverkfæri

- Kennari/leiðbeinandi
- Eldri nemandi - Framhalds- og háskóli 17+ (átta víddir)
- Yngri nemandi - 9 - 17 ára

Sambandsverkfæri

- Uppeldisverkfæri
- Sambandsverkfæri

Íþróttaverkfæri

- Golf
- Tennis
- Fótboldi
- Rúgbí
- Rúgbíðómari
- Rúgbíkunnátta
- Krikket

Annað

- Neikvæðniverkfæri

Verkfærin sem talin eru hér að ofan eru notuð til greiningar á hugsniðum, hvernig við hugsum. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir er hægt að vinna áfram með niðurstöðurnar:

Hópskýrslur

Hópskýrslur má gera fyrir allar sniðtegundir. Þannig má sjá:

- Meðaltal fyrir hópinn
- Hversu ráðandi einstaklingar og hópur eru
- Samanburð á milli undirhópa

Önnur verkfæri

Á meðal annarra verkfæra frá NBI, sem ná lengra en hugsniðin, eru verkfæri fyrir velferð og neikvæðni innan fyrirtækja.

Túlkunarsamanburður

Túlkunarsamanburð má gera á milli ólíkra sniðgerða, s.s.

- Kunnáttusniðs og hneigðarsniðs
- Kunnáttu og leiðtogahæfni
- Kunnáttu- og starfsverkfæris



NBI™ - Yfirlit yfir fjórðungana fjóra

Eftirfarandi yfirlit yfir helstu hugsanaferli sem tengjast hverjum fjórðunganna ættu að gefa góða hugmynd um hinar ólíku hughneigðir.

(L1) Efra vinstra	(R1) Efra hægra
• Fókus • Aðalatriði • Reglufesta • Nákvæmni • Rökhbyggja • Staðreyndaminni Akkúrat • Stærðfræði/fjármál • Rökvissa • Afkastamiðun • Rökhbyggja • Hlutlægni • Greinandi • Dýpri greining • Megindleg hugsun • Raunsæi • Mikilvægt að gera hlutina rétt • Krítískt • Dómgreind	• Heildrænt/stóra myndin • Sveigjanleiki • Áhættusækni • Forvitni • Annarra leiða leitað • Tilraunastarfsemi • Lifthneigð • Heilabrot • Hugmyndaflug • Stefnumótandi • Margt gert í einu • Fantasía • Að sjá hlutina fyrir sér • Samruni (hugmyndir tengdar saman) • Hugmyndainnsæi • Rannsóknir • Hugmyndir samþættar • Óskipulagt • Breytingar þykja æskilegar
(L2) Neðra vinstra	(R2) Neðra hægra
• Skipulag/festa • Stundvísi/meðvitund um tíma • Áætlanir • Skipulag • Nálgun skref fyrir skref • Staðfesta • Allt í rétttri röð • Ítarleiki • Öryggi/varðveisla • Smáatriði • Fastheldni • Röggsemi • Verkmiðun • Hirðusemi • Áreiðanleiki • Árangursmiðun	• Tjáning án orða Snerting • Samvinna • Félagslyndi (maður á mann og í hópum) • Þátttaka • Gott aðgengi • Gott viðmót • Mikil tjáning • Hluttekning • Samvinna • Áhersla á fólk • Mikil viðbrögð • Móttækileiki • Næmni • Stuðningur • Meðvitund um fólk • Næmni fyrir fólki • Tekur þátt • Léttleiki • Kurteisi

Athugasemdir:



NBI™ - Yfirlit yfir víddirnar átta

Þótt þú hafir sterkar hneigðir í tilteknum fjórðungi er hneigðin e.t.v. ekki jafnmikil í öllum ferlunum sem tengjast þeim fjórðungi. Þú gætir jafnvel verið með litla eða miðlungshneigð í sumum þáttum fjórðungsins sem telst vera sterkur hjá þér. Nýjustu rannsóknir okkar skýra frekar hvernig getur staðið á þessu.

Í hverjum fjórðungi eru minnst tvær mögulegar víddir og þú getur vel fengið háa einkunn í annarri og lága í hinni eða auðvitað svipað í báðum.

L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
- Skýr sýn - Engar truflanir - Einbeiting - Markmið sett - Ekkert hugsanarugl - Markmið skilgreint - Kostir og gallar - Einfaldleiki - Skýrar leiðbeiningar - Byggt á staðreyndum	- Mat - Fylgst með frammistöðu - Kafað dýpra - Fjármál - Rökhyggja - Röklegt - Forgangsattriði - Útreikningar - Könnun - Hlutirnir kannaðir	- Framtíðarsýn - Framtíðartenging - Spár Breyting - Áhættusækni - Hugsað stórt - Framandi reynsla - Fjölbreytileiki - Hönnun - Hreyft við ríkjandi ástandi	- Innri rödd - Hugsað í myndum - Einmitt! - Dagdraumar - Fantasiur - Skissað/krotað - Ókerfisbundið - Óhefðbundið - Allt á rúi og stúi - Hugsað á ská
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hlut- tekningu
- Þrautreyndur - Agi - Röð og regla - Meðvitund um tíma - Markviss - Varkárni - Tryggð - Reynsla - Stöðugleiki - Hefðbundinn	- Aðgerðir - Lætur verkin tala - Áætlanagerð - Kerfisbundinn - Yfirumsjón - Þrautseigja - Gátlisti - Áætlanir - Minnislisti - Skipulag	- Hópar - Deiling - Samkomulag - Tengslamyndun - Samvinna - Samkomur - Skemmtileg(ur) - Félagslyndi - Tengsl - Mannblendni	- Hvatning - Aðstoð - Umönnun - Þjónustulund - Innsæi - Vongóð(ur) - Stuðningur við aðra - Næmni - Myndar sambönd - Fóstrandir

Mundu: Þú ert ef til vill mun sterkari í annarri vídd fjórðungsins. Tvær víddir fjórðungsins gætu verið í jafnvægi hjá þér. Það eru engin „rétt“ eða „röng“ snið!

Athugasemdir:



Átta viddir heilans

Ef ein eða fleiri af eftirtöldum víddum væru þínar sterkustu myndir þú:

L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
• vilja einfaldleika og gagnsæi • kjósa að útiloka truflanir • vilja hafa hugann við tiltekin verk og niðurstöður • vilja einbeita þér að mikilvægum málum • kjósa skýrar leiðbeiningar og tilmæli • kjósa hugmyndir sem hafa augljóst virði • hlusta á sjónarmið sem byggja á staðreyndum • vilja vega og meta kosti og galla	• vilja meta og fylgjast með árangri og frammistöðu • vilja kafa dýpra til að skilja kjarna málsins • vilja taka þátt í fjár- og fjárfestingarmálum • vilja beita rökhugsun • vilja leysa vandamál rökrænt og ítarlega • vilja forgangsraða með skýrum hætti • vilja reikna út, rannsaka og mæla • vilja fullvissa þig með því að kanna og rannsaka	• vilja sjá hlutina með annarra augum • vilja sjá hvernig framtíðin tengist fortíðinni • vilja hugsa um stórmál á meðan þú sinnir smáverkum • vilja kanna nýjar og ókunnar slóðir • vilja auka skilning þinn á grundvelli margvíslegra hugmynda og upplifana • vilja feta nýjar slóðir og taka þátt í breytingum • vilja taka áhættu og storka óbreyttu ástandi • vilja spá fyrir um hvernig hlutirnir fara	• vilja eiga samskipti við innri rödd hans/ hennar • vilja hugsa myndrænt • reyna að byggja á innsæi, „einmitt-augnablikinu“, frekar en flóknum nálgunum • vilja dreyma dagdrauma og láta hugann reika • vilja nota samlíkingar, myndir og skissur til að lýsa reynslu þinni • vilja taka á nýjum verkefnum með óvenjulegum og óhefðbundnum aðferðum • finna þig í aðstæðum þar sem einhver óreiða ríkir • vilja tengja saman hugmyndir svo úr verði eitthvað óvenjulegt og nýtt
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hluttekningu
• vilja fylgja þaulreyndum aðferðum og venjum • kjósa agað og skipulagt umhverfi • kjósa aðstæður þar sem hefðir, tryggð og reglur eru hafðar í heiðri • vilja að fólk sé stundvíst • vinna á reglubundin og varfærinn hátt • láta reynslu hafa mikið vægi • kjósa stöðugleika og ákveðni • vilja vinna með hæfu og farsælu samstarfsfólki	• vilja koma hlutunum í verk • kjósa verklega reynslu • vilja skipuleggja og gera áætlanir og ráðstafanir • vilja hafa umsjón með ferlum og verkvenjum • vilja nota minnislista • kjósa skipulagða nálgun • sinna smáatriðum af alúð • vilja vinna samkvæmt ákveðinni áætlun	• vilja blanda geði við fólk • vilja vinna í hópum og deila hugmyndum með öðrum • vilja almennt samþykki áður en ákvarðarnir eru teknar • vilja skemmta öðrum • kjósa samvinnu og að skilningur ríki • kjósa persónuleg samskipti, samkomur og hittinga • vera félagslynd(ur), mannblendin(n) og vilja kynnast nýju fólki • vilja þjappa fólki saman	• vilja ná til fólks • vilja hvetja fólk til dáða • vilja aðstoða, hjálpa og setja aðra í forgang • vilja bæta virði við líf annarra • vilja vinna í þjónustu-umhverfi • nota innsæið þegar ákvarðanir um fólk eru teknar • meta hluti eftir stemningu og tilfinningu • mynda tengsl við nokkrar sérstakar manneskjur (eða dýr)

Heildarhugsun í verki í SAMSKIPTUM

Samskipti eru lykilatriði í öllum farsælum samböndum. Þetta á ekki síður við í viðskiptum en í persónulegum samskiptum við fjölskylduna eða aðra. Hvernig getum við notað skilning okkar á hughneigðum til þess að skilja og taka tillit til ólíkra samskiptamáta?

L1 spyr „HVAD?“		R1 spyr „AF HVERJU?“	
L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
- Nákvæmur - Skiljanlegur - Skýr - Raunsær - Einbeittur	- Gildandi - Kænn - Skynsamur - Rannsakandi - Spyrjandi	- Stefnumótandi - Spáir fyrir - Ögrandi - Spurningar - Hefur framtíðarsýn - Sambættir	- Óhefðbundinn - Hugmyndaríkur - Beitir innsæi - Myndlíkingar/myndir - Íhugull - Dagdreymir
L1 spyr „HVERNIG?“		R2 spyr „HVER?“	
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hlut- tekningu
- Agaður - Undirbúinn - Yfirvegaður - Akkúrat - Varkár - Markviss	- Kerfisbundinn - Niðurraðaður - Skipulagður - Ytarlegur - Fyrirfram ákveðinn - Reglulegur	- Deilir - Hvetjandi - Þakklátur - Ástríðufullur - Umburðarlyndur	- Góðhjartaður - Skilningsríkur - Næmur - Samúðarfullur - Umhyggjusamur





Heildarhugsun í verki í VIÐSKIPTUM

Persónulegar hughneigðir þínar hafa áhrif á það hvernig þú átt samskipti, tekur ákvarðanir, leysir vandamál og stjórnar. Með því að öðlast skilning á hughneigðum þínum færðu nýja sýn á sjálfan þig og aðra sem þú átt samskipti við á hverjum degi.

L1 (blár)

- er rökvis, greinandi og hugsar um niðurstöður, tekur ákvarðanir sem byggjast á staðreyndum og beinast að líðandi stund; hann sýnir litlar tilfinningar og vill að hlutirnir séu gerðir á sinn hátt. Þetta er fólkið í fyrirtækinu sem kemur með allar niðurstöðu/upplýsingarnar sem eru nauðsynlegar til að styðja við hugmyndir annarra.

L2 (grænn)

- vill að hlutirnir séu mjög ítarlegir, skipulagðir og traustir. Þetta eru jarðbundnar manneskjur sem tala skýrt og með ótvíræðu orðalagi. L2 trúa á hagnýtar spurningar og vandvirknislega áætlanagerð; Þau forðast áhættu og eru góð í að útfæra hugmyndir. Þetta er fólkið sem skarar fram úr í að þróa áætlanir og fyrirtækjakerfi sem eru nauðsynleg til að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

R1 (gulur)

- fylgir innsæi sínu og er ævintýragjarn. Tekur áhættu og leiðist smáatriði og tölfræði; vilja gjarnan skemmta sér og eru fljótir að missa áhugann. R1 eru ráðsnjallir og draga upp heildarmynd; í fyrirtækinu eru þeir uppspretta framtíðarmiðaðra, herkænskulegra hugmynda sem leiða félagið að jaðri hins mögulega og jafnvel lengra.

R2-fólk (rauðir)

- er samvinnufúsir, teymismiðaðir einstaklingar sem hafa þroskuð gildiskerfi, eru tillitssamir, næmir í nálgun sinni og eru hópsálir. R2-einstaklingar eru snjallir í samskiptum, skapa skilning og sátt og miðla hugmyndum, staðreyndum og áætlunum á réttan hátt til að fá stuðning og framkalla eldmóð.

Þú getur látið okkur mæla og greina öll hugsnið í fyrirtækinu þínu. Þannig geturðu skilið andlegar eignir fyrirtækisins og þau hugsnið sem þar eru. Fjölbreytnin er meiri en þú átt von á.

Næst þarf að greina verkefni fyrirtækisins og fela þau starfsmönnum sem njóta þess að vinna þau, sé þess er nokkur kostur. Framleiðni og starfsánægja mun vaxa hröðum skrefum þegar fólk fer raunverulega að njóta vinnunnar og uppskera af henni.

Á vinnustað er hægt að hanna hið fullkomna starf fyrir hvern einstakling, með tilliti til hughneigða þeirra. Einstaklingur þarf ekki bara að velja það starf sem hann getur unnið (frá sjónarmiði færni), heldur fengið það starf sem hann virkilega nýtur að vinna (það sem heilinn hneigist til).

Að beita heildarhugsun

Það skiptir öllu að beita heildarhugsun við forystu, stjórnun, eftirlit og áskoranir í stefnumörkun og starfsmannamálum. Leiðtogar á 21. öld þurfa að vera heildarhugsleiðtogar, fólk sem þekkir hinar mismunandi hughneigðir teymisfélaga sinna og getur leitt einstaklinga og veitt þeim mesta hvatningu.

Slíkt ferðalag sem er örðugt en jafnframt spennandi veltur á leiðtogum sem þekkja sinn eigin leiðtogastíl og hvaða áhrif hann hefur á fólkið sem þeir leiða. Að auki geta leiðtogar sem eru meðvitaðir um eigin hugsunarstíl safnað í kringum sig fólk sem bætir þá upp og aðstoðar þá þar sem mætti bæta frekar.



Heildarhugsun í verki í VIÐSKIPTUM

Margt af því sem hefur verið rætt um tengist viðskiptum með beinum hætti og eru mikilvægir þættir í rekstri fyrirtækis (samskipti, sköpun o.s.frv.), en hér er ætlunin að rýna í heildarhugsun í viðskiptum, við .lausn vandamála og í stefnumótunarvinnu.

L1 - við úrlausn vandamála	R1 - við úrlausn vandamála
- Greinir staðreyndir - Vill að hlutirnir séu réttir - Sér staðreyndir skýrt (engar tilfinningar) - Safnar öllum upplýsingum - Tekur hlutlausu afstöðu - Tekur rökrétt á vandamálum - Tekst á við staðreyndir á rökréttan hátt - Einbeitir sér að nákvæmni	- Leysir vandamál með því að beita innsæi - Sér stóru myndina - Sér staðreyndir fyrir sér - Full(ur) af hugmyndum og örvandi tillögum - Sér tækifæri og spáir í spilin - Fer ótroðnar slóðir - Fær oft nýjar og nýstárlegar hugmyndir - Vill taka áhættu - Horfir til framtíðar
L2 - við úrlausn vandamála	R2 - við úrlausn vandamála
- Raðar/skipar staðreyndum (í flokka, samkvæmt skipulagi) - Tekst á við staðreyndir í rétttri röð - Sannreynir staðreyndir - Getur gagnrýnt hugmyndir - Finnur veikleika og galla á hugmyndum annarra - Leitar að smáatriðum og útfærslum - Praktískar hliðar eru mikilvægar - Kýs þaulreyndar aðferðir	- Tillögur eru oft tilfinningaþrungnar - Hefur tilfinningu fyrir þátttakendum - Gildi eru mikilvæg - Neikvæðar tilfinningar takmarka e.t.v. samþykki nýrra hugmynda - Vill oftast deila hugmyndum - Hefur oft nýja innsýn í hugmyndir - Spenna fyrir hugmyndum - Mannlegi þátturinn skiptir miklu máli

L1 - við stefnumótun	R1 - við stefnumótun
- Heildarniðurstaða - Rannsókn byggð á staðreyndum og greiningu - Tímastjórnun - Skjótar ákvarðanir - Vill læra - Athugun frekar en innsæi - Gert á minn hátt - Ákvörðunum framfylgt - Litlar tilfinningar, skynsemi	- Innsæi - Beint að niðurstöðunni - Heilabrot - Áhætta - Óformlegt ferli - Hugsýn - Frumkvöðlasýn - stóra myndin - Sefjandi, myndrænn, ögrandi - Getur misst áhuga - Skemmtilegir valkostir
L2 - við stefnumótun	R2 - við stefnumótun
- Skipulagðar staðreyndir/gögn - Allar hliðar metnar - Gallar fundnir - Sannprófað - Praktískar spurningar - Ýtarleg skipulagning „Allur er varinn góður“ - Áhætta lágmörkuð - Tímanleg og skilvirk innleiðing - Baktryggingar	- Félagsleg tillitssemi - Gildi - Vill deila upplýsingum - Notast við tilfinningar frekar en staðreyndir - Beitir eðlisávisun - Þægilegt ferli - Hópefli - Jákvæð endurgjöf - Neikvæðar tilfinningar takmarka e.t.v. samþykki nýrra hugmynda - Fær samþykki og viðtöku hjá öðrum



Heildarhugsun í verki í STJÓRNUN

Sagt er að best sé að stýra með því að sýna fordæmi. Það er yfirleitt heilræði nema auðvitað að fordæmið sé ósveigjanleiki, þröngsýni og frekja. Leiðtogi þarf að beita heildarhugsun, vera meðvit-aður um hugsnið undirmanna sinna og leiða þannig að það fyllist eldmóði. Þessi ögrandi (en spen-nandi) vegferð hefst með því að átta sig á eigin stjórnunarstíl og þeim áhrifum sem hann kann að hafa á þá sem þú leiðir. Þú hefur hneigðir í fleiri en einni vídd og þarft þá að sameina lýsingarnar.

L1 - Staðreynda-miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
• Þú hefur skipandi stjórnunarstíl. • Þú stendur fast á þínu og vilt eiga síðasta orðið. • Þú ert einbeittur stjórnandi sem sumum finnst e.t.v. v era „fjarlægur“. • Þú hefur skýr markmið í huga svo þú virðist e.t.v. vera ósveigjanlegur. • Þú ert ákveðin(n) og aðrir vita nákvæmlega hvar þeir hafa þig.	• Að gera hlutina „rétt“ er þér mikilvægara en að gera þá saman. • Þú vilt rannsaka málin til hlítar áður en þú grípur til aðgerða. • Stjórnun þín miðast af miklu leyti af sýnilegum árangri. • Þú fylgist með frammi-stöðu og vegur og metur árangur. • Þú vilt komast til botns í hlutunum, forgangsraða og vera viss frekar en að draga ályktanir.	• Þú styður við nýjar hug-myndir og hvetur til nýrra nálgana. • Þú heldur ekki fast í gamlar ákvarðanir og ferli. • Þú ert til í að taka áhættu þegar þú hefur trú á hugmynd. • Þú ert stjórnandi sem horfir til framtíðar og framtíðarstaðan er þér mikilvæg. • Þú kannt að meta stefnumótunarfundi, en lætur e.t.v. smáatriðin fara í taugarnar á þér.	• Stjórnunarstíll þinn er líklega óformlegur og jafnvel gáskafullur. • Þú heldur ekki fast í gamlar hefðir og ert með nægilega opinn huga til að hlusta á nýjar tillögur. • Að láta sér detta nýjar ráðagerðir í hug (ekki skipulagning!) er ríkur þáttur í stjórnun þinni. • Þér finnst líklega fínt að deila valdi þínu og leggur ekki höfuð-áherslu á að fylgja reglum og hefðum. • Stjórnunarstíll þinn byggist á innsæi frekar en flóknum nálgunum.
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hlut-tekningu
• Þú vilt stjórna með því að fylgja þaulreyndum aðferðum og venjum. • Þú krefst stundvísi og kostgæfni. • Þú kýst helst reynda og hæfa starfsmenn. • Þú vilt helst fara varlega og vilt síður taka áhættu. • Þú leggur meiri áherslu á verkið en manneskjuna.	• Þú ert kröfuharður/-hörð hvað varðar skipu-lagningu og framleiðni. • Þú líður ekki að réttu ferli sé ekki fylgt. • Þú krefst þess að ögum og reglum sé fylgt. • Þér mætti lýsa sem stjórnanda sem krefst aðgerða - þú vilt sjá árangur. • Þú ert „gátlista-stjórnandi“ sem tekur þátt í því að hafa yfirumsjón með verkum og meta þau.	• Þú ert stjórnandi sem leggur áherslu á teymið. • Þú vilt eiga í nánnum samskiptum við undir-menn þína. • Þú hvetur undirmenn þína til að láta álit sitt í ljóst og vilt að samstaða náist. • Þú kallar eftir þátttöku annarra í ákvarðana-töku og það þykir auðvelt að nálgast þig. • Hluti af stjórnunarstíl þínum er að skipuleggja mannamót og samkomur.	• Þú metur manneskjuna frekar en verkið. • Þú vilt hvetja og örva undirmenn þína. • Þú ert fús að aðstoða þegar þarf. • Það er gott aðgengi að þér og samskipti við undirmenn eru á persónulegu nótunum. • Þú tekur eftir breytingum á stemningu og andrúmslofti og bregst við slíku.

Mundu: Það er líklegt að sumir undirmanna þinna deili ekki sömu hneigðum og þú.

Farsæll stjórnandi getur alltaf stjórnað og stýrt öðrum í samræmi við hneigðir þeirra.

Ákjósanleg heildarhugsunarnálgun allra stjórnenda er að tala sama tungumál og sá sem talað er við.



Heildarhugsun í verki í STARFS- OG KUNNÁTTUVERKFÆRINU

Þetta verkfæri greinir kunnáttu einstaklinga. Þú hefur ef til vill öðlast kunnáttu á sviði sem er ekki lýsandi fyrir hughneigð þína eða þú hefur mjög sterka hneigð á sviði þar sem þú hefur ekki fengið færi á að þróa með þér viðeigandi kunnáttu.

Kunnáttuverkfærið ákvarðar í hvaða fjórðungi heilans þú hefur mesta kunnáttu.

Þegar við bætist NBI™ hneigðarsniðið skýrist myndin, því þá kemur ekki bara fram hvar KUNNÁTTA einstaklingsins liggur heldur líka hvers viðkomandi NÝTUR.


Í atvinnuumhverfi er einnig hægt að bera kunnáttu- og hneigðarsniðin saman við ATVINNUSNIÐIÐ. Atvinnusniðið er unnið á sama hátt og kunnáttusniðið og gagnast þeim sem vilja velja og ráða besta umsækjandann í stöðu. Til dæmis geta mannauðsstjóri, viðkomandi yfirmaður og e.t.v. tveir eða þrír hæfir umsækjendur fyllt út atvinnusniðið og borið saman niðurstöðurnar í rýnihóp. Með því að tengja ATVINNUSNIÐIÐ við KUNNÁTTU- OG HNEIGÐARSNIÐ hvers umsækjanda er hægt að taka betur ígrundaða ákvörðun.

Ef atvinnu-, kunnáttu- og hneigðarsniðin eru svipuð bendir það til þess að viðkomandi verði bæði hæfur og ánægður í starfinu.

Þegar samræmið er minna gæti umsækjandinn engu að síður verið gott val ef „bilin“ eru kunnáttupættir sem auðvelt er að þróa með sér.

Stutt samantekt á þessu hugsniði:

- Kýs fólk, gagnvirkni, samskipti, tilfinningar Er sátt(ur) við breytingar, ný hugtök, hugmyndir, tilraunir og nýsköpun
- Getur verið bæði fólks- og framtíðarmiðaður







Möguleg starfssvið:

- Eigandi eða rekandi hótels, farfuglaheimilis eða veitingastaðar
- Markaðssetning (markaðsátök fyrir hugmyndir, vörur eða þjónustu, t.d. auglýsingar, myndbönd, ljósmyndaraðir, sýningar.)
- Ferðamennska (nýir staðir til að heimsækja, upplifanir, skemmtun, þjónusta, umönnun, samskipti, stemning, samkennd)
- Menntun (námskeið í hönnun, listum, sálfræði, sjálfshjálp og tungumálum, náms- og kennslumótun fyrir 21. öldina)
- Læknisfræði (börn, lýtalækningar), tónlistar-/listameðferð

Heildarhugsun í verki í KENNSLU OG NÁMI

Til þess að beita heildarhugsun í viðskiptum, uppeldi og á öllum öðrum sviðum er nauðsynlegt að leggja grunninn í kennslu og þjálfun. Kennarar, þjálfarar og leiðbeinendur þurfa að skilja tilgang og áhrif heildarhugsunarkennslu, náms og persónulegs þroska.

L1	R1
Kennsla: námsbók, nákvæmar leiðbeiningar, rökfesta, tækifæri til greiningar, umræða um tæknilega þætti. Nám: við borð, þægilegar samantektir útvegaðir, rannsóknir. Umhverfi: snyrtilegt, upplýsingar tiltækar, unnið á töflu, kyrrð.	Kennsla: heildarsýn, sjálfsprottin þátttaka, sjónrænt, efni tengt við fortíð/framtíð, skemmtun, tilraunastarfsemi, ný hugtök. Nám: setið/legið - sjaldan við skrifborð, skýringarmyndir, námsleikir, nýjar aðferðir reyndar, sjaldnast stundaskrá, hugur reikar. Umhverfi: litríkt, ögrandi upplýsingar, glettin framsetning, listrænt, sibreytilegt
L2	R2
Kennsla: námsbók, skipulagðar kennslustundir í rétttri röð, skýr fyrirmæli, endurtekning, skýr markmið, formlegar kennslustundir. Nám: við skrifborð, nákvæmar samantektir, viðfangsefni í verki, hagnýt notkun, stundaskrá fyrir nám. Umhverfi: áætlanir o.s.frv. til taks, nákvæm vinna á töflu.	Kennsla: hópvinna, hreyfing, tónlist, efni tengt við persónulega reynslu, tilfinningar sýndar, kennaratilburðir. Nám: innan um fólk, tilfinningatengsl við efni, tónlist, talað upphátt til að leggja á minnið, líkamstjáning, hlutverkaleikir. Umhverfi: rými til að hreyfa sig, tónlist, persónumiðað, sýningar, vinalegt, litríkt, þægilegt





Nám og viddirnar átta

Allir þurfa að skilja tilgang og áhrif heildarhugsunarkennslu og náms. Byrjaðu á því að ákvarða námsstíl þinn eða barnsins þíns. Þú hefur auðvitað e.t.v. sterkar hneigðir í fleiri en einni vídd og þarft að sameina lýsingarnar.

L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
• Þér finnst auðvelt að einbeita þér í einhvern tíma í einu. • Þú vilt læra ein(n) og í rólegu umhverfi. • Þú setur þér raunhæf markmið við nám. • Þú vilt læra samkvæmt skýrum leiðbeiningum. • Þú skrifar stuttar, skýrar samantektir þegar þú lærir.	• Þú vilt rannsaka hlutina þegar þú lærir. • Staðreyndir, tölur og hagnýt viðfangsefni eru í upphaldi hjá þér. • Þú ert stöðugt að glósa þegar þú kafar dýpra í efnið. • Þú ert stöðugt að greina efnið. • Þú samþykkir ekki allar upplýsingar og getur verið gagnrýnin(n) á efnið.	• Þér finnst áskorun að kljást við nýja og tilraunakennda hluti. • Þér leiðast endurtekningar. • Þú kýst námsefni sem hefur hagnýtt gildi í framtíðinni og rímar við framtíðarsýn þína. • Þú véfengir efnið reglulega. • Þú vilt nota upplýsingar til að spá fyrir um framtíðina.	• Stundaskrár og námsskipulag eru ekki í upphaldi hjá þér! • Þér finnst erfitt að einbeita þér að einu efni í einhvern tíma. • Skýringarmyndir og sjónrænt efni hentar námsstíl þínum betur en samantektir. • Þú kýst að vinna á óformlegan hátt og í óformlegu umhverfi • Þú kýst helst efni sem er óskipulegt og óvenjulegt.
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hlut- tekningu
• Þú sýnir aga í námi. • Þú endurtekur efnið þar til þú ert viss um að kunna það. • Þú skrifar líklega ýtarlegar samantektir. • Þú vilt fá skýr og nákvæm fyrirmæli. • Þér hentar best að læra í rólegu og hljóðlátu umhverfi.	• Þú vilt vinna samkvæmt stundaskrá. • Umhverfi þitt þarf að vera reglulegt og skipulegt. • Þú skrifar líklega stuttar og skýrar samantektir. • Þú nýtur þess að læra eitthvað praktískt og verklegt. • Þú vilt taka hlutina skref fyrir skref þegar þú lærir.	• Þú kýst gjarnan að læra með öðrum. • Þú talar upphátt þegar þú leggur hluti á minnið. • Þú vilt „tala þig í gegnum efnið“ með öðrum þegar þú fæst við eitthvað erfitt. • Hópverkefni eru í upphaldi. • Tilfinningar þínar hafa gjarnan áhrif á viðhorf þitt til námsins..	• Þér gengur best að læra ef þér finnst efnið þýðingarmikið. • Þú kýst greinar sem þroska þig sem persónu. • Þér er auðveldara að skilja og muna staðreyndir ef þú tengir þær við eigin reynslu. • Stemningin hefur áhrif á getu þína til að læra. Þér finnst gott að læra í hópum ef þér finnst þú geta komið öðrum að gagni.

Mundu: Stundum þarftu að efla kunnáttu í víddum þar sem þú stendur höllum fæti til að verða betri nemandi!



Heildarhugsun í verki í SKÖPUN

Sköpun má finna í öllum fjórðungum heilans. Farsæld þín byggir að miklu leiti á hæfni þinni til að taka „réttar“ ákvarðanir. Hugsnið þitt ræður miklu um hvaða rök þú leggur á vogarskálarnar þegar kemur að því að taka ákvarðanir sem skipta þig máli. Heildarhugsun er lykilatriði þegar kemur að sköpun, sama hvort um ræðir þín framtíð, einhverskonar vöruþróun, leikfléttu í íþróttum eða matseld.

Æfingar til að þróa heildarhugsunarsköpun:

L1	R1
• Spurðu: Hvað? (þarf ég, verð ég að vita, verð ég að gera) • Breyttu vandamálum í áskoranir • Kafaðu dýpra í stöðuna • Ekki dæma hugmyndir (hafðu opinn huga) • Lærðu á nýtt tölvuforrit • Gefðu persónunum í bíómynd einkunn eftir því hvaða áhrif þær hafa • Gerðu ýtarlega fjárhagsáætlun núna	• Spurðu: Af hverju? (er þetta mikilvægt, þarf ég að láta þetta ganga) • Borðaðu framandi rétt • Raðaðu húsgögnunum upp á nýtt • Farðu í óvænta ferð • Láttu klikkaða hugmynd ganga upp • Gerðu í því að taka myndir af einhverju „skrýtnu“ • Spilaðu á hljóðfæri
L2	R2
• Spurðu: Hvernig? (tekst ég á við þetta, skipulegg ég næstu skref) • Prófaðu að fara nýja leið í vinnuna eða í bæinn • Frískaðu upp á flokkunarkerfið þitt • Breyttu ópraktískum hugmyndum í praktískar lausnir • Útbúðu lista (innkaupa- og gjafalista og einhverja óvenjulega) • Raðaðu bókunum þínum í stafrófsröð • Skráðu geisladiskasafnið þitt	• Spurðu: Hver? (tekur þátt) • Settu kerti á borðið • Farðu í nestisferð • Upphugsaðu nýja leiki fyrir fjölskylduna • Knúsaðu! • Deildu tilfinningum þínum með öðrum • Hlustaðu á tónlist og teiknaðu það sem þú sérð fyrir þér • Útbúðu persónulegar kveðjur



Aðferðir og æfingar við skapandi nám með heildarhugsun:

L1	R1
• Taktu saman • Greindu • Komdu auga á ákveðnar niðurstöður	• Hugkort • Að sjá hlutina fyrir sér • Námsleikir • Óvenjulegar nálganir • Engin stundaskrá
L2	R2
• Skipaðu í flokka • Endurtaktu • Útbúðu stundaskrár • Viðhaltu skipulagi á vinnustaðnum	• Orðaðu hlutina • Búðu til sögur • Ræddu hlutina við aðra • Lærðu með öðrum • Lærðu við tónlist

Sköpunartækni með heildarhugsun

Þú getur valið á milli hundruða sköpunarverkfæra og aðferða. Kíktu bara á netið!

Hér eru nokkur næmi um sköpunarverkfæri og hvernig þau falla að heildarhugsun:

L1	R1
• Eiginleikaskráning • Skipst á miðum • Orðhlutafræðileg greining • Upplýsingasöfnunartækni • Kafað í kjarnann	• Myndræn örvun • Óði hattarinn • Fjarstæðuraunveruleiki • Tágakarfan • Blöðruhugmyndir
L2	R2
• Sprettur • Fylki • Hugmyndaskráning • Tímaskipulagstækni	• Hlutverkaskipti • Merkingarinnssæi • Náttúrugöngur • Blind samskipti






Heildarhugsun í verki í UPPELDI

Samskipti og uppeldi eru nátengd fyrirbæri. Því er mikilvægt að vita hvaða hneigðir barnið hefur, eigi uppeldið að vera árangursríkt. Snið þessa foreldris sýnir að hneigðirnar liggja í neðra hveli heilans. Það þýðir að viðkomandi hneigist mjög til smáatriða, skipulags og kerfisbundins fyrirkomulags (L2), og til næmis fyrir fólki og samskipti (R2).

Eftirfarandi gæti átt við um þetta foreldri:

„Þótt þú hafir sterkar hneigðir til nokkurra hugsanaferla í þessum tveimur fjórðungum þýðir það ekki endilega að þú hafir sterkar, eða jafnsterkar, hneigðir til allra ferlanna. Því eru e.t.v. einhverjar eftirfarandi lýsingar ekki algjörlega nákvæmar í öllum tilfellum.“

- Þú ert foreldri sem mætti kalla hlýðinn þjón! Það er ekki spurning að þú gerir mikið fyrir barnið og veitir því margt.
- Þú vilt hlúa að barninu og dekra við það, en líka gera alvöru úr orðum þínum. Heimili þitt er snyrtilegt og skipulagt og það er eitthvað sem þú vilt kenna barninu þínu. Hinsvegar tekur þú til eftir barnið ef það slær slöku við.
- Þú vilt hafa hlutina í föstum skorðum og hvetur barnið til að borða og fara í það á ákveðnum tímum.
- Þér mislíkar ef skipulagið kemst í uppnám vegna óskipulags hjá barninu (eða skóla þess).
- Ef eitthvað amar að barninu hættir þú ekki að spyrja og kvabba fyrir en þú kemst til botns í málinu.
- Þú tekur þátt í leikjum barnsins, að því gefnu að leikurinn sé skipulagður, „réttum“ reglum sé fylgt og gengið sé frá öllu eftir á.
- Barnið verður stundum pirrað af því þú leggur áherslu á smáatriði (hreint og snyrtilegt herbergi, snyrtilegt útlit, stundvísi).
- Þú setur strangar reglur um hegðun barnsins og getur komist í uppnám ef reglurnar eru brotnar af því þú gerir svo mikið fyrir fjölskylduna!
- Þú ert stundum ósveigjanleg(ur) og kýst það sem er hefðbundið svo þú ert gjarnan á móti breytingum í lífi barnsins. Þetta getur jafnvel valdið þér ótta og kvíða. (Brot úr Very Smart Parents eftir Kobus Neethling)



Hvaða barnasnið gæti virkað vel fyrir þetta foreldri? Af hverju?

Hvaða barnasnið gæti leitt til vandamála? Af hverju?



Uppeldi og víddirnar átta

Þó að uppeldi sé líklega mikilvægasta og erfiðasta verk sem við þurfum nokkurn tíma að sinna er lítið um þjálfun og leiðbeiningar í þeim efnum. Ein mesta áskorunin fyrir foreldra er að byggja upp gott samband við barn sem er afar ólíkt þér! Reyndu að finna þinn stíl í eftirfarandi lýsingum og berðu hann saman við hughneigðir barnsins þíns.


L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
• Þú notast við skynsamlega nálgun og veitir sjaldan svigrúm fyrir tilfinningar. • Þú hefur strangar reglur sem þarf að fylgja (það er munur á „réttu“ og „röngu“). • Þér mislíkar ef vald þitt er véfengt. • Þú krefst þess að barnið einbeiti sér að fyrir- liggjandi verkefni. • Þú ert gjarnan sá/sú sem tekur ákvarðanir og átt síðasta orðið.	• Þú krefst þess að barnið standi sig vel og fylgist vandlega með frammistöðu þess. • Fjárhagslegt framtíðaröryggi barnsins er forgangsatriði. • Þú getur verið ansi gagnrýnin(n) þegar barnið gerir mistök. • Þú vilt fá nákvæmar útskýringar á hegðun. • Þú leggur ríka áherslu á að barnið átti sig á því hvað hefur forgang.	• Þú tekur mark á skoðunum og hugmyndum barnsins. • Þú styður við margvísleg áhugamál. • Þú ert yfirleitt opin(n) fyrir því að barnið prófi eitthvað nýtt. • Framtíðardraumar eru vinsælt umræðuefni þegar þú talar við barnið. • Þú rígheldur líklega ekki í reglur.	• Þú ert líklega ekki „hefðbundið“ foreldri. • Þú tekur gjarnan skyndiávarðanir um það sem þú gerir með barninu. • Þú gleymir stundum mikilvægum atriðum (fundum, stefnumótum o.s.frv.) • Þér finnst gaman að koma barninu á óvart. • Dagdraumar eru mikilvægur þáttur í sambandi þínu við barnið. • Þú deilir gjarnan flippuðum hugmyndum með barninu.
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hluttekningu
• Góð hegðun og agi eru forgangsatriði. • Þú líður ekki subbuskap. • Þú krefst þess að allt sé samkvæmt ákveðnu skipulagi svo heimilishaldið gangi vel fyrir sig. • Þú setur öryggið á oddinn og átt jafnvel til að ofvernda. • Af því að þú ert svo hefðbundin(n) getur barn sem tileinkar sér nýja tískastrauma valdið þér miklu hugarangri!	• Þú hefur tilhneigingu til að skipuleggja líf barnsins. • Heimilislífið fylgir ákveðnu skipulagi og það er ekki liðið að barn setji það í uppnám. • Þú setur skýrar reglur og tryggir að þeim sé fylgt. • Þú fórnar miklu fyrir barnið - en hvar er þakklætið? • Þú hefur margt á þinni könnu og barnið veit að stundvísi, snyrtimennska og vandvirkni skipta miklu máli.	• Þú deilir flestu með barninu og býst við því sama á móti. • Þú bregst stundum við með of tilfinningaríkum hætti – og sérð svo eftir því síðar! • Þú hvetur til hópstarfs og vilt að barnið sé „þátta-kandi“.. • Þú lætur barnið taka þátt í ákvarðanatöku. • Þú ert ástríkt og umhyggjusamt foreldri.	• Þú hvetur barnið til dáða og veitir því uppörvun. • Ánægja og velferð barnsins er þér mikilvægari en frammistaða þess. • Þú ert mjög næm(ur) fyrir því hvernig skapi barnið er í. • Þú hvetur barnið til að iðka eitthvað sem þroskar það sem persónu. • Þú getur lítið á það sem persónuleg mistök eða árás ef barninu „misheppnast“ eða er óhlýðið.

Hefurðu ef til vill sterkar hneigðir í fleiri en einni vídd? Þá skaltu bara sameina lýsingarnar!

Mundu: Snið þitt og barnsins eru ef til vill ólík. Þá felst áskorunin í því að ala barnið upp í samræmi við hneigðir þess, svo framarlega sem það er unnt. Þú hefur ef til vill líka aðrar hneigðir en maki þinn. Þá þurfið þið að læra að umbera hvort annað og vinna saman að því að finna bestu leiðina til að efla sambandið og ala upp barnið ykkar.



Heildarhugsun í verki í SAMBÖNDUM



Sniðin tvö eru afar ólík. Hvað gerist ef þessir tveir einstaklingar eru í sambandi? Það mætti ætla að það gæti orðið erfitt, en það þarf ekki endilega að vera raunin. Samband þessa pars verður að byggjast á umburðarlyndi og skilningi.

Í þessu sambandi er **A** smámunasamur og vill skipuleggja allt út í ystu æsar en þessu er þveröfugt farið hjá **B**. Því getur hvatvísi **B** og áherslan á smáatriði hjá **A** leitt til núnings í sambandinu.

B er blíður og tilfinningaríkur og býst við því sama hjá **A** sem hefur betri stjórn á tilfinningum sínum og getur stundum virst kaldur og umhyggjulaus.

B vill reyna eitthvað nýtt, fara á nýja staði og bragða nýja rétti, en **A** kys frekar það sem er þaulreynt og prófað.

B er tilfinningaríkari og vill þaulræða hlutina - **A** finnur sjaldan hjá sér þörf til að „tala um okkur“. Satt best að segja gerir **A** sér mjög sjaldan grein fyrir því að eitthvað sé að sem þurfi að ræða! Því finnst **B** að **A** sýni af sér frekar mikið tillitsleysi.

B kys rómantískar, óvenjulegar og hvatvísar gjafir, en **A** vill praktískar gagnlegar og tæknilegar gjafir.

A spyr gjarnan „hvað kostar þetta?“ Og **B** svarar „það skiptir ekki máli, bara ef þú ert ánægð(ur)“.

Vegna þess að **A** er raunsær og **B** hugsjónamaður er sýn þeirra á framtíð sambandsins oft ólík. **B** gæti fundist að sambandið við **A** sé að verða leiðinlegt og finnur fyrir óeirð vegna þess að það vantar fjölbreytni og spennu í sambandið.

Hugmyndir þeirra um „kvöld úti að skemmta sér“ geta verið gjörólíkar. **B** hefur innsæi, skynjar stemninguna, finnur á sér ef eitthvað bjátar á og er næmur fyrir því hvernig skapi makinn er í. **A** finnst hinsvegar að **B** sé of næmur og finni fyrir einhverju sem er ekki til staðar.



SAMBÖND og víddirnar átta

Það er algengt að sambönd séu viðkvæm. Okkur skortir skilning á því sem skilur okkur að, finnst við alltaf hafa rétt fyrir okkur og áttum okkur ekki á því að fólk bregst öðruvísi við aðstæðum en við myndum gera. Sé til staðar skilningur á hughneigðum þínum og maka þíns og þeim áhrifum sem þær hafa á samband ykkar er kominn grundvöllur fyrir því að efla skilning, umburðarlyndi og spennu í stað þess að gagnrýna stöðugt og reyna að steypa makann í sama mót og þú!

Uppgötvaðu hvernig þú og maki þinn hugsa um sambandið og bíddu eftir að það kvikni á þerunni!

L1 - Staðreynda- miðaður	L1 - Greinandi	R1 - Ráðsnjall	R1 - Óhefðbundinn
• Þú hefur skýra nálgun á sambandið. • Það er ekki fyrir þig að verða yfir þig ástfangin(n). • Þú veist alveg hvað er „rétt“ og „rangt“ í samböndum. • Þú þarft að vita nákvæmlega hvert sambandið stefnir. • Þú sannar ást þína á áþreifanlegan máta.	• Þú kýst rök frekar en tilfinningar. • Þú greinir vandamálin frekar en að bregðast við með tilfinningum. • Þú kafar dýpra í vanda- málin (og gæti virst sýna af þér kulda og afskiptaleysi). • Fjárhagslegt öryggi er mikilvægara en róman- tískar gjafir. • Þú gagnrýnir stundum hegðun maka þíns.	• Þú lumar á ýmsu óvæntu og vilt láta koma þér á óvart. • Stundum gæti virst sem þú vanrækir sambandið því þú ert að sýsla við svo margt annað. • Þú vilt prófa nýja hluti í sambandinu. • Framtíð sambandsins er afar mikilvæg. • Þú teflir stundum á tæpaða við og finnst spennandi að lifa djarft.	• Þú kryddar ástarlífið með fantasíum. • Þú kemur þér stundum í vandræði með því að gleyma mikilvægum atriðum. • Þú skipuleggur gjarnan ferðir með engum fyrir- vara. • Þú sýnir ástúð þína fyrirvaralaust. • Þú lætur þig gjarnan dreyma um sambandið og ástina almennt.
L2 - Varðveitandi	L2 - Skipuleggjandi	R2 - Félagsvera	R2 - Sýnir hlut- tekningu
• Þú vegur og metur kosti og galla nýs sambands. • Þú vilt löng og örugg sambönd. • Þér finnst mikilvægt að maki þinn sé trúr og tryggur. • Hefðir í samböndum eru mikilvægar. • Það er ólíklegt að þú „brjótir reglurnar“.	• Þú vilt skipuleggja ferðalög o.s.frv. í sambandinu. • Þú ert „langþjáði“ aðilinn í sambandi sem harkar af sér þegar illa gengur. • Þú sýnir ást þína á mjög praktískan máta. • Þú vilt „gera hluti“ fyrir maka þinn. • Þú vilt ekki láta koma þér á óvart.	• Þú ert ástrík(ur) og felur ekki tilfinningar þínar. • Þú getur verið ástríðu- full(ur) og ákafur rekkju- nautur. • Samskipti við vini er mikilvægur hluti af sam- bandinu. • Þú deilir tilfinningum þínum og hugmyndum opinskátt. • Þú ert eins og opin bók!	• Þú ert næm(ur) fyrir þörfum og skapi maka þíns. • Þú vilt „passa upp á“ makann þinn. • Þú ert viðkvæm(ur) og hegðun maka þíns særir þig auðveldlega. • Þú tekur eftir breytingum á stemningu og þær hafa áhrif á þig. • Þú vilt eiga rólegar og innilegar stundir með maka þínum.

Er eitthvað af þessu kunnuglegt? Þú gætir auðvitað haft snið sem sýnir sterkar hneigðir í fleiri en einni vídd og því þurft að sameina lýsingarnar.

Mundu: Þið maki þinn gætuð haft ólíkar hughneigðir. Áskorunin felst í því að sýna umburðarlyndi og finna leiðir til að koma til móts við makann.

Mundu líka að jafnvel þótt sniðin ykkar séu mjög svipuð þýðir það ekki að þið séuð sammála um allt!



Heildarhugsun í verki í ÍPRÓTTUM

Þar sem hugsniðið veitir okkur innsýn í sálarlíf hvers og eins er varla til sá vettvangur þar sem ekki er hægt að nota það til að efla skilning á hneigðum allra hlutaðeigandi. Í íþróttum hefur notagildi NBI™ til dæmis verið sannreynt aftur og aftur.

Tökum til dæmis leikmann í hópíþrótt:

L1	R1
• Einbeittur: getan til að hafa hugann við leikinn • Heldur sig við kjarna hvers augnabliks • Hugsar skipulega og rökrétt • Gerir ekki mistök • Man eftir að beita því sem var kennt á æfingum • Rétt notkun á þeim hæfileikum sem þarf í íþróttinni • Sjálfkrafa beiting á þeirri tækni sem hefur verið kennd	• Einstaklingshyggja • Skapandi spil þegar það þaulæfða dugar ekki • Tekst á við aðstæður á sinn hátt • Skapar spilunarmynstur sem hentar aðstæðum hverju sinni • Sér stóru myndina ósjálfrátt
L2	R2
• Agi (regluleg mæting, stundvísi) • Hamrað á sérstökum skrefum og ferlum • Ákveðið mynstur þróað • Stöðugleiki (hætta á að skorta fjölbreytni og verða fyrirsjáanlegur)	• Sjálfsprottin hópeining • Hópurinn þjappar sér sjálfkrafa saman aftur • Hópurinn þjappar sér aftur saman af eðlisávisun (ekki æðar aðgerðir) • Einstaklingsástríða • Ákefð sem viðheldur orkunni • Geta til að höndla tilfinningar • Geta til að höndla árekstra/erfiðleika í leiknum

(Brot úr Creative Rugby eftir Kobus Neethling og Naas Botha)



Heildarhugsun í verki í HEILBRIGÐU LÍFERNI

Það er varla til sá þáttur í lífi okkar þar sem heildarhugsun gegnir ekki einhverju hlutverki. Íþróttir og heilbriggt líf fara saman. Hefurðu velt fyrir þér af hverju þér tekst ekki að halda þér við efnið í megrunarkúr eða líkamsrækt? Heildarhugsunarnálgunin er líklega það sem þú þarft!

Dæmi: Nýrri mataræðisáætlun hleypt af stokkunum.

L1	R1
• Skoðaðu upplýsingarnar vel og vandlega • Vigtaðu/mældu • Finndu út hvað þú vilt léttast mikið • Gerðu kröfu um vísindalega nákvæmni Hætta: ákafa og ástríðu skortir, of gagnrýnin(n) ef hlutirnir fara ekki eins og þú ætlaðir, raunsætt mat á sjálfri/sjálfum þér leiðir til þess að þú hafnir „draumakroppinum“ sem þú þráir	• Láttu þig dreyma um fullkominn líkama • Áætlun til staðar um að ná markmiðinu • Mataræðið þarf að vera áhugavert • Ekki of nákvæmt • Verður að bjóða upp á ýmsa valkosti Hætta: leiði á mataræðinu, skammtar mældir, vigtun fer í taugarnar á þér, þú sannfærir þig um að þú þurfir ekki á kúrnum að halda
L2	R2
• Skipuleggðu kúrinn vandlega • Skipuleggðu hverja máltíð í smáatriðum • Skráðu þyngd þína • Ósveigjanleg staðfesta Hætta: svo ósveigjanleg að það virðist trufla „eðlilegt líf“, pirrar aðra með smámunasemi þinni, breytingin er of mikil til að hún endist	• Byrjaðu af áhuga • Segðu öðrum frá • Reyndu að fá aðra til að slást í hópinn með þér Hætta: matur hugar þig og nú líður þér ömurlega, þú verðlaunar þig með mat svo þú bugast auðveldlega og finnur fyrir pirringi og depurð þar sem venjulegu góðgjörðirnar vantar

(Brot úr Talk to your Food eftir Kobus Neethling og Rache Rutherford)





Visbendingarnar fundnar

Persónulega NBI™ sniðið þitt sýnir þér hvernig þÚ kýst að hugsa.

Hvaða vísbendingar gefur annað fólk? Er mögulegt að lesa hug annarra? Getum við í raun og vera „kíkt inn í hausinn á fólki“ til að sjá hvað það er að hugsa? Líklega ekki í bókstaflegum skilningi. En við getum þó komist ansi nálægt því að komast að NBI™ sniði fólks með því að horfa, hlusta og spyrja réttu spurninganna.

Ímyndum okkur í augnablik að allt þetta sé mögulegt. Hvað væri hægt að græða á því að vita hvaða snið einhver annar hefur?

Hvað ef viðkomandi er:

- Yfirmaður þinn?
- Viðskiptavinur þinn?
- Starfsmaður þinn?
- Maki þinn?
- Barnið þitt?

Byrjum á veski þessarar manneskju, eða kannski tösku. Hvernig er það? Lýstu veskinu miðað við ríkjandi hughneigð:

L1	R1
L2	R2

Hvar annars staðar gætum við fundið vísbendingar um hughneigðir?

- Orðfærið sem fólk notar yfirleitt
- Klæðnaður þess
- Umhverfið á skrifstofu þess
- Atvinna þess
- Hvernig það glósar á fundum
- Líkamstjáning þess, líkamsstaða og bendingar



Visbendingarnar fundnar

Notaðu vinnublaðið til að hjálpa þér að finna vísbendingarnar sem þú þarft til að áætla hugsnið einstaklingsins. Þegar þú hittir hann aftur skaltu ræða við hann um þínar ályktanir, endurskoða niðurstöður þínar og reikna út sniðið aftur. Ef þetta er viðskiptavinur þinn, yfirmaður eða maki færðu mun betri innsýn í hvernig hægt er að bæta sambandið ykkar á milli.


Eimstaklingur: _____ Dagsetning: _____

Samband: _____

L1	R1
L2	R2


Fyrir

Þínar ályktanir út frá eigin vísbendingum.



Eftir

Hugsanlegar breytingar eftir að hafa rýnt í þínar eigin niðurstöður með viðkomandi einstaklingi.






Eimstaklingur: _____ Dagsetning: _____

Samband: _____

L1	R1
L2	R2


Fyrir

Þínar ályktanir út frá eigin visbendingum.



Eftir

Hugsanlegar breytingar eftir að hafa rýnt í þínar eigin niðurstöður með viðkomandi einstaklingi.





Uppskrift að persónulegum þroska fyrir fjórðungana fjóra

Veltirðu fyrir þér hvernig er umhorfs í öðrum fjórðungum? Viltu fara í ferðalag í annan hluta heilans til að prófa og finna hvernig það er? Eftirfarandi „uppskriftir“ voru hannaðar til að hjálpa þér að upplifa þær tilfinningar sem tengjast dæmigerðri hegðun í öðrum fjórðungum. Það er aldrei að vita nema þú kunnir vel við þig þar! Þú færð að minnsta kosti að upplifa sumt af því sem á sér stað í heila fólks í kringum þig.

L1

1. Vertu pólitíkus. Haltu þriggja mínútna ræðu um af hverju fólk ætti að kjósa þig eða um eitthvað þrennt sem þú hefur gert fyrir samfélagið - byggt á staðreyndum auðvitað!
2. Hafðu allt í lágmarki á skrifstofunni. Vertu hagnýt(ur): Vertu bara með eina mynd, af því gefnu að það sé ástæða fyrir því að hún sé þarna, enga pappíra, ekkert skraut, engar eigur aðrar en þær sem sýna afrek o.s.frv.
3. Hreinsaðu úr veskinu og töskunni, endurraðaðu og haltu aðeins því nauðsynlega í eina viku
4. Þú skalt bregða þér í hlutverk fasteignaráðgjafa - breyttu 10 hlutum til að undirbúa húsið þitt fyrir sölu. Leggðu mat á þá hækkun sem gæti orðið á söluverðinu vegna þessa.
5. Þú ert á sölufundi. Þú hefur fimm mínútur. Leggðu fram og rökstyddu fimm ástæður fyrir því að innleiða heildarhugsun í fyrirtækinu og greindu frá því hvernig þú myndir mæla frammistöðu.
6. Útbúðu samantekt um ÞIG!
 - Hver þú ert (100 orð eða minna)
 - Hvað þú hefur gert
 - Hvað þú getur gert til að bæta aðra
7. Gerðu mat á starfsmanni sem stendur sig illa
 - Án þess að horfa í augun á honum
 - Með fáum útskýringum
 - Með lista yfir það sem þarf að bæta
 - Láttu vita hvaða afleiðingar það hefur að bæta sig ekki!
8. Ekki tala í matar- eða kaffitímanum. Ekki horfa í augun á neinum eða spjalla, heldur gerðu frekar eitthvað sem skilar árangri (lesa dagblað, hringja símtöl o.s.frv.)
9. Lestu viðskiptablöð. Veldu 5 hluti í fyrirtækjum og fylgstu með þróun hlutabréfaverðs næstu 6 vikurnar. Ef þú situr eftir með nettóhagnað skaltu kaupa einn hlutinn.

Athugasemdir:



Uppskrift að persónulegum þroska fyrir fjórðungana fjóra

L2

1. Skipuleggðu veislu frá upphafi til enda
 - Útbúðu tímalínu og gerðu viðeigandi rannsóknir
 - Veldu gesti og ákveddu boðsferlið (RSVP, kröfur um klæðaburð, þema o.s.frv.)
 - Matseðill - matur og drykkur
 - Ákveddu matar- og drykkjarskammta (á mann)
 - Skraut, blómaskreytingar, gestagjafir og tónlist
 - Sætaskipan gesta
 - Hreinsunaráætlun
2. Gakktu með skrefamæli í mánuð og skráðu skrefin sem þú tekur á hverjum degi í Excel-skjal. Útbúðu 4 mismunandi línurit og veldu það sem veitir mestu upplýsingarnar
3. Bakaðu súkkulaði-soufflé
4. Haltu matardagbók - skráðu hitaëininganeyslu og þyngd í 4 vikur
5. Veldu fötin sem þú ferð í kvöldið áður. Gakktu úr skugga um að allt sé í stíl og ekkert sé krumpað eða óhreint.
6. Lestu leiðbeiningar fyrir nýjar vörur, skráðu vöruna og sæktu um ábyrgð. Sendu líka ráðleggingar um hvernig megi gera leiðbeiningarnar skýrari
7. Næst þegar þú ferð á námskeið skaltu
 - lesa námsefnið fyrirfram
 - taka ýtarlegar glósur
 - mæta með spurningar tilbúnar
 - fylgja leiðbeiningum umsjónarmannsins nákvæmlega
 - skrá samskiptaupplýsingar þátttakenda í spjaldtölvu eða eitthvað álíka
8. Útbúðu skráningarkerfi og ferli til að borga, skrá og geyma reikninga þína og gögn
9. Búðu til reglulega áætlun fyrir uppfærslu og viðhald á tölvunni þinni. Gakktu úr skugga um að þar á meðal sé: öryggisafritun gagna, vírusleit, ruslpóstssía og eyðing á ónotuðum skjölum
10. Búðu til og fylgdu langtímaæfingaáætlun fyrir keppni á borð við maraþon

Athugasemdir:



Uppskrift að persónulegum þroska fyrir fjórðungana fjóra

R1

1. Skrifaðu niður tíu hluti sem hægt er að gera við bréfastemmu
2. Búðu eitthvað til úr hrúgu af bréfastemmum
3. Búðu til eitthvað sem hreyfist úr 200 dómínókubbum
4. Stingdu upp á að fara í látbragðsleik næst þegar þú hittir vini þína
5. Farðu í söguleik með vinum þínum eða samstarfsfólki, þ.e.a.s. fólk býr til söguna með því að skiptast á að segja eina setningu hvert
6. Veldu nýjan veitingastað af handahófi, t.d. með því að fara eitthvert þar sem eru margir veitingastaðir og fara á fimmta staðinn til vinstri. Veldu rétti 5, 15, 25 og 35 af matseðlinum. Prófaðu drykk sem þú hefur aldrei smakkað áður!
7. Búðu til þrjú ólík hugkort, t.d. lýsingu á lífi þínu árið 2030
8. Ræddu við aðra: Hvaða sögulega viðburði myndir þú breyta og hvers vegna? Hvaða áhrif hefði það á heiminn eða líf þitt í dag?
9. Horfðu til himins og búðu til sögu úr landslagi skýjanna

R2

10. Kynntu þig fyrir 5 ókunnugum á hverjum degi
11. Mættu á opinberan stað í flippuðum búningi
12. Bjóddu þig fram til að halda á börnum á barnadeild spítala
13. Skipuleggðu óvænt frí fyrir ástvin þinn
14. Þegar þú spjallar við einhvern skaltu hrósa viðkomandi fyrir eitthvað
15. Veldu 5 samstarfsmenn þína og komstu að því hvað skiptir þá mestu í lífinu
16. Finndu einhvern þjóðfélagshóp sem þú þekkir lítið til eða hefur fordóma fyrir og verðu degi með fólki sem tilheyrir honum
17. Bjóddu starfsteyminu þínu í strandpartí á vinnudegi
18. Prófaðu að vera án skipulagsverkfæra í viku
19. Efndu til hópumræðna um áhrifin sem vinnumhverfið hefur og hvaða áhrif þið hafið haft á það og hvers vegna.
20. Lýstu atburðum dagsins með því að nota tilfinningar eingöngu



Skilningur á NBITM – lykilatriðin

- Það er mikilvægt að muna að flest NBI™ hugsnið gefa hughneigðir til kynna. Ekki á að líta á hughneigðir sem góðar eða slæmar, réttar eða rangar. Hughneigðir gefa til kynna þá hugsunarmáta sem fólk myndi helst kjósa ef það gæti.
- Flest NBI™ snið mæla því hughneigðir en ekki endilega kunnáttu einstaklingsins. Þetta tvennt getur auðvitað verið svipað. Persónulega kunnáttu ætti að mæla með NBI™ kunnáttu- eða atvinnusniðunum.
- Fólk gæti því haft lága hneigðareinkunn í fjórðungi þrátt fyrir að hafa komið sér upp mikilli kunnáttu þar. Enn fremur þýða sterkar hneigðir ekki endilega að kunnátta sé líka sterk.
- Há einkunn í fjórðungi getur þýtt mikla hneigð í sumum ferlum og víddum þess fjórðungs, en ekki endilega í þeim öllum. Nýja 8 vídda NBI™ sniðið skiptir hverjum fjórðungi í tvær víddir. Fólk með álíka háa hneigðareinkunn (t.d. > 100) gæti verið með gjörólíkar víddareinkunnir í fjórðungnum.
- Í sumum tilfellum geta hughneigðarsnið breyst. Þetta getur gerst yfir langan tíma vegna breytinga á áhugamálum, tómstundum, umhverfi og áhrifavöldum. Einstaka sinnum geta orðið breytingar á skemmri tíma vegna stóráfalla eða stórfelldra lífstílsbreytinga. Þessar sniðbreytingar gætu verið tímabundnar.
- U.þ.b. 20%-30% hneigða eru meðfæddar, en 70-80% þróast vegna félagslegra samskipta og umhverfis.
- Hughneigðir í fjórðungum þar sem einkunnir eru lágar má þróa ef viljinn er fyrir hendi. Þetta er hægt að gera með skapandi heildarhugsunaræfingum. Það er mögulegt að einungis kunnátta eða hegðun þróist í þessum fjórðungum, en í sumum tilfellum geta hneigðir aukist þegar kunnátta eflist og þegar viðkomandi einstaklingi finnst reynslan vera ánægjuleg.
- Hughneigðin sjálf er ekki bara mikilvæg, heldur er sjónarhornið á hneigðina líka afar þýðingarmikið. Til dæmis er sjónarhorn L1-manneskju á aðra manneskju með L1 ráðandi afar ólíkt því sem t.d. R2-manneskja hefur.

Um höfundinn

Dr. Kobus Neethling er margverðlaunaður og alþjóðlega virtur fyrirlesari um sköpunargáfu. Hann var á lista American Biographical Institute yfir 500 áhrifamestu leiðtoga samtímans og er með sex háskólagráður, þ. á m. tvær meistara-gráður og doktorsgráðu í greiningu og þróun á skapandi hegðun.

Dr. Neethling fékk viðurkenningu frá World Institute of Achievement fyrir framúrskarandi persónulegan og faglegan árangur og var valinn aðdáunarverðasti maður ársins af American Biographical Association.



Hann er höfundur eða meðhöfundur 80 bóka og hefur stýrt fjölda sjónvarpsþátta. Sem stofnandi Neethling Brain Profile Instruments (NBI™) hefur hann hlotið lof um allan heim fyrir þátt sinn í að auka skilning á sjálfinu, sköpunargáfu og breytingum.

Alþjóðlegar tilvísanir og ummæli

- Kobus Neethling hefur hafið heildarhugsunarrannsóknir upp á nýtt og hærra plan. Ég veit ekki um neinn sem hefur náð álíka árangri.
(Paul Torrance prófessor: *Mr. Creativity of the 20th Century*)
- Fræðimennska Kobus Neethling á sviði sköpunargáfu er ýtarlegri en nokkuð annað sem ég hef kynnst á öllum þeim árum sem ég hef starfað við kennslu.
(Dr. Mary Frasier; fyrrverandi forseti American Creativity Association)
- Ég hef starfað innan fræðasamfélagsins í á fjórða áratug og tel doktorsritgerð Kobus Neethling vera fremsta af því sem ég hef séð. Fyrsta uppkastið var næstum því jafngott og lokaútgáfan. Þrotlausar rannsóknir hans sýndu að hann er maður sem býr yfir einstöku innsæi, atorku og elju í því sem hann tekur sér fyrir hendur.
(Ben Schutte prófessor í kennslufræði við Potchefstroom-háskóla)
- Við höfum námavinnslu fyrir 50 árum. Á síðustu þremur árum hefur framleiðnin verið jafnmikil og 47 árin þar á undan. Þetta kraftaverk á sér tvær skýringar: nýja tækni og sköpunarþjálfun Kobus Neethling.
(Anglo Platinum - Anglo American Platinum Mine: Swartkop)

